Tilgangur og gildissvið

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að skýrar reglur og vönduð vinnubrögð séu viðhöfð í eineltis-, áreitis- og ofbeldismálum er upp kunna að koma í Tækniskólanum sem og vegna ótilhlýðilegrar háttsemi.

Verklagið byggir á STS-0053 Stefnu gegn einelti, *kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi (EKKO stefna).*

Verklagsreglan gildir um öll EKKO mál er varða nemendur sem upp kunna að koma í skólanum, í ferðum eða samkomum á hans vegum.

Verklagið er í tveimur liðum (viðbrögð – meðferð) og hvor um sig settur fram í flæðiriti ásamt nánari lýsingum:

- Flæðirit A: Viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, **kynbundinni á**reitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi.
- Flæðirit B: Meðferð við einelti, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar **áreitni, ofbel**dis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi.

Ábyrgðir

Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á að verklagsreglan sé uppfærð, henni viðhaldið og **að unnið** sé **samkvæmt henni**

Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsfólk í þeirra skóla / þeirra deild starfi eftir verklagsreglunni

Starfsfólk ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni

Sjá flæðirit A og B ásamt nánari lýsingum hér fyrir neðan



Lýsing verkþátta

1 Nemandi/starfsmaður - Trúnaðarsamtal eða tilkynning

Nemandi/starfsmaður hefur grun um, vissu, eða nemandi verður fyrir, einelti, áreitni eða ofbeldi og getur þá:

a) tilkynnt hér: https://tskoli.is/gaeda-og-oryggismal/tilkynna-ofbeldi/, sjálfvirkt flæði út frá þessari tilkynningu stofnar mál í skjalakerfi skólans.

b) leitað eftir trúnaðarsamtali um málið innan skólans, hjá sálfræðingi skólans, námsráðgjafa, skólameistara eða aðstoðarskólameistara eða öðrum aðila sem hann treystir.

Í framhaldi af því getur viðkomandi ákveðið að ástæða sé til að tilkynna málið og óska eftir efnislegri meðferð, eða loka málinu. Ávallt skal þó stofna mál í gegnum tilkynningarformið „Tilkynna ofbeldi" á yfri vef til að tryggja varðveislu og rekjanleika ákvarðana.

2 Nemandi/starfsmaður - Ósk um/þörf á meðferð máls

Málið er alltaf tilkynnt en engöngu unnið áfram í samráði við meintan þolanda nema í sérstökum tilvikum svo sem í alvarlegum ofbeldismálum. Rík áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð, trúnað, að fylgja lögum og að unnið sé með málið í samráði við þolanda málsins.

3 Trúnaðarmaður (sá sem leitað er til) - Upplýsir skólameistara eða aðstoðarskólameistara

Trúnaðarmaður upplýsir skólameistara eða aðstoðarskólameistara um málið með formlegum hætti en einnig mun útfylla tilkynningin af yfri vef sjálfkrafa berast skólameistara og aðstoðarskólameistara.

4 Skólameistari/aðstoðarskólameistari – Kallar til aðila úr aðgerðahópi

Skólameistari/aðstoðarskólameistari skal ávallt kalla til aðila úr aðgerðarhópi til að fara yfir málið. Þeir aðilar sem vinna með málið eru skólameistari og/eða aðstoðarskólameistari og sálfræðingur skólans, námsráðgjafi og viðkomandi skólastjóri eftir atvikum, (svokallaður aðgerðahópur skólans). Ef málið hefur ekki verið nú þegar tilkynning, skal það formlega skráð með því að fara inn á heimasíðu skólans og velja "Átvik og ábendingar" á forsíðu, þar á eftir að velja "Tilkynna ofbeldi", að lokum "Smelltu hér til að tilkynna". EKKO mál skulu alltaf vera skráð með þessum hætti. Um leið og þetta er gert verður til mál á viðeigandi stað í skjalakerfi skólans, þó þarf að gæta þess að opna málið í skjalakerfinu og veita viðeigandi starfsmönnum aðgang, en engum öðrum. Til þess máls verður sjálfkrafa til skjalið Skráning eineltis, áreitis og ofbeldismála sem skal fylla í eftir eðli máls. Allir í aðgerðahópi hafa aðgang að skjalinu en enginn annar. Einnig skal tengja málið við viðeigandi aðila eftir þörfum í skjalakerfinu til að gera rekjanleika aðgengilegri síðar meir ef þörf krefur.

5 Aðgerðahópur – Greinir mál

*Aðgerðar*hópur greinir málið og kemst að sameiginlegri niðurstöðu um hvort rétt sé að taka málið til formlegrar meðferðar eða ekki. Áth. slíkar ákvarðanir skulu ávallt teknar í samráði við meintan þolanda nema í sérstökum tilvikum svo sem þegar um ofbeldi er að ræða. Áth. ákvörðunin skal skráð í málsgögn.

6 Aðgerðahópur - Ástæða til aðgerða?

Ef ástæða er til aðgerða skal farið eftir meðferð EKKO mála, skv. flæðiriti B hér aftar.

7 Aðgerðahópur/Trúnaðarmaður – Lokar máli

Ef ekki er talin ástæða til aðgerða skal skrá niðurstöðu í skjal inn í málinu og formlega loka málinu í skjalakerfinu.



Lýsing verkþátta

1 Aðgerðahópur - Frumskoðun

Aðgerðarhópur er skipaður skólameistara og/eða aðstoðarskólameistara ásamt öðrum aðilum sem fyrrgreindir aðilar kalla til, til dæmis námsráðgjafi, sálfræðingur og skólastjórar þeirra nemenda sem eiga í hlut. Stjórnandi aðgerðahóps er skólameistari eða sá sem skólameistari felur það hlutverk. Ef mál hefur ekki þegar verið tilkynnt í **gegnum formið á https://tskoli.is/gaeda-og-oryggismal/tilkynna-ofbeldi/** þá skal gera það fyrst. Við skráningunna stofnast sjálfkrafa mál í skjalakerfinu og viðeigandi sniðmát verða til sem aðilar í aðgerðarhópi bera ábyrgð á því að skoða og fylla út í þau eins og við á. Allir í aðgerðahópi hafa aðgang að skjalinu en enginn annar. Einnig skal tengja málið við viðeigandi aðila eftir þörfum í skjalakerfinu til að gera rekjanleika aðgengilegri síðar meir ef þörf krefur.

2 Aðgerðahópur - bolandi eða gerandi undir lögaldri?

Ef annað hvort bolandi eða gerandi, eða báð**ir, hafa ekki náð 18 ára aldri ber aðgerðahópi að hafa samban**d við barnavernd þess sveitarfélags sem bolandi/gerandi eiga lögheimili í, svo og forráðamenn bolanda/geranda.

3 Aðgerðahópur - Forráðamenn upplýstir og mál tilkynnt til barnaverndar

Skólameistari eða málastjóri hafa samband við forráðam**enn og barnavernd símleiðis eins fljótt og verða má og greina frá málavöxtum.** Trúnaðarreglur eru útskýrðar. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.

4 Aðgerðahópur - Lögreglumál?

Ef það mál sem upp kemur felur í sér líkamsárás, hótun um ofbeldi, eignaspjöll eða þjófnað skal hafa samband við lögreglu.

5 Að**gerðahópur - Mál vísað til lögreglu**

Skólameistari eða málastjóri hafa samband við lögreglu í 112 og tilkynna mál. Málsatvik eru í kjölfarið færð til bókar í málsskjali.

6 Að**gerðahópur - Rannsókn máls**

Aðgerðahópur skipuleggur rannsókn máls. Verkefnum er úthlutað til einstakra aðila í aðgerðahópi svo sem að taka viðtöl við málsaðila og safna þarnig gögnum. Upplýsingar eru **færðar inn í stofnað skjal jafnóðum**. Rannsókn máls er hætt þegar aðgerðahópur er sammála um að 1) nægilegar upplýsingar liggi fyrir, eða 2) að ekki sé hægt að afla frekari upplýsinga. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.

7 Aðgerðahópur - Ákvörðun um aðgerðir/viðurlög

Þegar rannsókn máls er lokið tekur aðgerðahópur ákvörðun um næstu skref, til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt. Ákvörðun grundvallast meðal annars á skólareglum og landslögum. Málsatvik **eru færð til bókar í málsskjali.**

Aðgerðahópur skal taka ákvörðun um til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan tveggja mánaða eftir ósk um meðferð máls nema sérstakar ástæður hamli. Skal bolandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær væntа má ákvörðunar.

8 Aðgerðahópur - Niðurstöður kynntar hlutaðeigandi

Skólameistari, málastjóri eða sá sem tók viðtal boðar málsaðila hvern í sínu lagi til fundar og skýrir frá niðurstöðu aðgerðahóps. Þær aðgerðir og/eða viðurlög sem ákveðin voru koma til framkvæmda. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.

9 Aðgerðahópur – Eftirfylgni?

Aðgerðahópur tekur **afstöðu til þess hvort þörf sé á eftirfylgd og þá hvers**lags.

10 Aðgerðahópur - Eftirfylgni

Verkefnum til eftirfylgdar er útdeilt meðal starfsmanna Tæknieskólans og skólameistari eða málastjóri fylgjast með að verkefnum sé sinnt. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali jafnóðum.

11 Aðgerðahópur – Lokun máls

Mál lýkur þegar 1) li**ður átta hefur verið framkvæmdur, og** þegar það á við 2) liður 10 hefur verið framkvæmdur. Aðgerðahópur kemur sér saman um að máli **sé lokið, skólameistari eða má**lastjóri færa viðeigandi upplýsingar inn í málsskjal.